

Reikningur

110

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. sept. 1883 til 31. ágúst 1884.

Tekjur.

	kr. a.	kr. a.
1. Eptirstöðvar 1. september 1883:		
a. Innritunarskírteini og konungleg skuldabrfjef	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	83,84	
c. Í peningum	24,00	8707,84
2. Vextir til 11. júní 1884:		
a. Af innritunarskírteini og skuldabrfjei	344,00	
b. Af fje í sparisjóði	5,39	349,39
	Samtals	9057,23

Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Ólafi umboðsmanni Sigurðssyni í Ási	160,00	
b. Sæmundi bónda Sæmundssyni á Elliðavatni	160,00	320,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1884:		
a. Innritunarskírteini og konungleg skuldabrfjef	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	137,23	8737,23
	Samtals	9057,23

Reykjavík, 18. sept. 1884.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jensson.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á 5. gr. laga 111
27. febr. 1880 um skipun prestakalla, sbr. lög nr. 2 12. jan. 1884. — Með póknan- 25. ágúst.
legu brjefi, dags. 9. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sóknar-
prestinum að Kirkjubæjarklaustri, sjera Bjarna Þórarinssyni, þar sem hann fer þess á
leit, að sjer fyrir tímabilið frá 12. jan. p. á. til síðastliðinna fardaga verði greiddur til-
tölulegur hluti af uppbót þeirri, sem ákveðin er í lögum 12. jan. p. á. handa Þykkva-
bæjarklausturs prestakalli og Meðallandsþingum, sem hann þjónaði síðastliðið fardagaár
sem settur.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjálða þjónustusamlega að tilkynna yður til
póknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að með því að ráðgjafinn
verður að vera yður samdóma um, að skilja beri svo lög 12. jan. p. á., samanborin við
reglurnar í 5. gr. laga 27. febr. 1880, að hinar þar umræddu uppbætur eigi ekki að
reiknast viðkomandi prestaköllum fyr en frá þeim tíma, að þau eru veitt í fyrsta skipti
eptir að lögin komu út, þá flýtur þegar þar af, að beiðandanum getur eigi borið uppbót
sú, er hjer um ræðir, og beiðni hans getur því ekki orðið veitt.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilyrði fyrir útborgun á 112
bráðabirgðaruppbótum brauða. — Með póknanlegu brjefi frá 23. júní p. á. hafið þjer, 28. ágúst.
herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sóknarprestinum að Rafnseyri, sjera Þorsteini